

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, að hluta óbyggðs svæðis/útvistarsvæðis á horni Undirhlíðar og Hörgárbrautar er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Þessi breyting hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og Skipulagsstjórn ríkisins og hefur að öðru leyti hlotið þá meðferð, sem áskilin er í skipulagslögum nr. 19/1964.

Umhverfiráðuneytið, 23. ágúst 1991.

F. h. r.
Páll Línadal.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,85 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,90 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum í mánuði.